

Fyrirspurn

til menntamálaráðherra um nemendur í grunn- og framhaldsskólum með annað móðurmál en íslensku.

Frá Fannýju Gunnarsdóttur.

1. Hefur verið kannað hvernig nemendum í grunnskólum sem hafa annað móðurmál en íslensku vegnar í samræmdum prófum í 10. bekk? Hvaða samræmd próf taka þessir nemendur?
2. Hversu margir af þessum nemendum fara í frekara nám þegar grunnskóla lýkur og hversu margir út á vinnumarkaðinn? Í hvers konar nám hafa nemendurnir farið?
3. Er nemendum með annað móðurmál en íslensku tryggður sérstakur stuðningur í framhaldsskólum landsins?
4. Hefur verið kannað hvort marktækur munur er eftir kyni á skólasókn og árangri umræddra nemenda í grunn- og framhaldsskólum?
5. Hefur staða þessa hóps verið skoðuð sérstaklega í tengslum við fyrirhugaða styttingu náms til stúdentsprófs?

Skriflegt svar óskast.